Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2026.
USK26100007

Svar við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknar um hvernig eftirlit með götulýsingu og ljósastaurum í Reykjavík er háttað USK26100007

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. október 2026, var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um hvernig eftirlit með götulýsingu og ljósastaurum í Reykjavík er háttað.
Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins.

Fyrirspurnin er í fimm liðum:

1. *Hver ber ábyrgð á reglubundnu eftirliti með því að götulýsing og ljósastaurar séu í lagi og kveikt á þeim þegar það byrjar að dimma?*

   Tækniþjónusta skrifstofu borgarlands ber ábyrgð á rekstri götulýsingar. Veitur hafa annast stýringu á kveikingu og slökkvun hennar, en Tækniþjónusta tekur við þeirri stýringu um áramótin 2026-2027.

   Tækniþjónustan sinnir eftirliti á götuljóskerfi borgarinnar. Innleiðingu nýs tölvustýrðs kerfis á að ljúka um miðjan desember 2026. Kerfið mun bæta yfirsýn yfir bilanir og senda tilkynningar meðal annars þegar ljós kvikna ekki eða þegar straum- eða spennufall verður.

2. *Hvernig er slíku eftirliti háttað og hversu reglulega fer það fram?*

   Ábendingar berast í gegnum ábendingavef Reykjavíkurborgar, eru skráðar í viðhaldskerfi götulýsingar og afgreiddar samkvæmt forgangsröðun. Starfsmenn Tækniþjónustu kanna og skrá ljósleysi fyrir haustmánuði og laga einkum áður en tekur að dimma á haustin. Tækniþjónustan sinnir eftirliti allt árið en tekur sérstaka

yfirferð í lok sumars. Verktakar Tækniþjónustu koma einnig ábendingum á framfæri.

Nýtt Intelight-stjórnkerfi verður tekið í notkun í byrjun árs 2027 og mun bæta upplýsingar um ástand götulýsingar. Þegar ljósastaurar verða fyrir tjóni tilkynnir lögregla það til bakvaktar. Öryggi er þá tryggt á vettvangi og viðgerð framkvæmd við fyrsta tækifæri.

3. *Er sérstakt eftirlit eða forgangsröðun á svæðum við skóla, frístundastarf og íþróttasvæði?*

   Já. Leikskólar, grunnskólar og gangbrautir hafa verið skilgreind sem viðkvæm svæði. Tilkynningar um ljósleysi á þeim svæðum njóta forgangs og viðgerð er falin verktaka sem forgangsverkefni.

4. *Hvernig er brugðist við þegar ljósastaurar eru óvirkir eða ekki kveikt á þeim og hver er almennt viðbragðstími við slíkum bilunum?*

   Einstökum bilunum, svo sem bilaðri peru eða lampa, er almennt safnað saman í x fjölda ljósa og verktakar sendir út til að laga t.d. 15 ljós á einum degi. Sjaldan eru verktakar látnir skipta eingöngu um eina peru/ljós vegna hagræðingar í fjöldanum nema um svæði sem merkt eru sem forgangssvæði við skólum, leikskólum o.s.frv.

   Þegar mörg ljós slokkna, til dæmis vegna rofs á strengjum við framkvæmdir, er brugðist við eins fljótt og unnt er. Viðgerðartími ræðst af umfangi og eðli bilunar, en bilanaleit getur verið tímafrek, einkum þegar um eldri jarðstrengi er að ræða. Því er ekki unnt að tilgreina einn almennan viðbragðstíma.

5. *Er fyrirhugað að fara yfir stöðu götulýsingar nú í upphafi hausts, sérstaklega á svæðum þar sem börn og ungmenni eru mikið á ferðinni?*

   Vísað er vísað til svars við spurningu 3. Ljósleysi á skilgreindum viðkvæmum svæðum nýtur forgangs.

Virðingarfyllst,

Karl Eðvaldsson
Skrifstofustjóri, skrifstofa borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík